

Kemur út
annan hvern
Laugardag
ekki minna
en sex prent-
pappírsark-
i í hvert
skipti.

Sveitarblaðið.

Uppsögn skrifl.
bundin við ára-
mót. Ógild
nema komin
sé til rit-
nefndar fyr-
ir þann 25. April.

# Fjallfari

| 2. Á. | 2. Hefti. | 2 Blað | No 5. |
|---|---|---|---|

Veðramót Laugard. 4. J.

Ritnefnd:

Stefán Björnsson

Guðrún Björnsdóttir

Þórdís Jónsdóttir.

# Aðsetursstaðir embættismanna

Það hefir þó miður opt brunnið við
hér á landi, að hinir veraldlegu embættis-
menn, hafa helst valið sér þar bústaði
sem kringumstæðurnar sjálfra þeirra hefur
verið hagkvæmast eða ákjósanlegast, en
miðað ekki jafn framt með tilliti til
þess hvar embætti þeirra yrði bezt rækt
eða vitt forstaða, og hinum undir-
gefnu hagfeldast. Þess eru líka mörg
dæmi að embættismenn landsins hafi ver-
ið utan umdæmis síns, svo sem hirð-
stjórar, höfuðsmenn, stiptbefalningsmenn
og stiptamtmenn, sem margir hverjir
sátu í Danmörku en höfðu umboðsmenn
sína hér. Þar til Baron Pröck var
boðið með konungsúrskurði 1768
að hafa aðsetur sitt í landinu, og síðan

stiptamtmanni Thodal me
konungs úrskurdi 1770 ad
her ad minnsta kosti 5-6 á
enda dvaldi hann her ekki
þann til tekna tíma heldur
15 ár og var einsog alkunnugt er
hver hinn uppbyggilegasti stiptam
madur sem her hefir verid. Konf
ráð Jón Eiríksson telur landinu
ekki alltíd tjón ad ædstu valdsm
þess höfdu þá meir enn 100 ár se
nokkurntímann verid hér nútta
stadaldir. og sumir ekki stigid fæ
sínum her á land. — Þá sýslumenn
irnir sem sátu í annari og þr
sýslu. til dæmis Sigurdur Markúss
sem helt Þingeyjar þing en sat
Skaga firdi. Sigurdur og Þorleif
Hrólfssynir er heldu sömu sýslun
sátu á Vídimýri Teitur ríki
leifsson er helt Húnavatnssýslu en bjó



Glaumbæ. Bjarni Petursson er helt
sydri hluta Bardastrandarsýslu en bjó
á Skardi í Dalasýslu, Sumarlidi Klem
son er ~~helt~~ helt Strandasýslu en bjó á
Mardarnúpi í Vatnsdal, Rögnvald
ur Sigurdsson er helt sömu sýslu en bjó
í Fagadal í Dalasýslu, enda kvörtudu
landsbúar opt um þetta, en það var
optast að eingu haft. Loksins rak þó
svo langt ad árid 1726 kærdi stiptamt
madur Raben það fyrir konungi hve
óhaganlegt það væri, ad sýslumennirnir
byggju í annari og þridju sýslu þadan
sem þeir áttu ad vera og því var það sýslu
madur Jón Jónsson í Grenivík vard ad fá
konungsleifi til ad búa þar en ekki
er þess getid ad sýslubúar hafi verid
spurdir ~~um~~ leifis, enda hafa það verid
og eru enn alt lög sem konungur segir
Það hefir verid alltítt ad sýslu
menn hafa setid óhentuglega í sýslunni
og það svo mjög ad nærri má geta hvort

stada þeirra margra í tilliti til em-
embættisgæslunnar, nema ætíd yfir
embættisverk þeirra hafa náð til-
gangi sínum, eins vel og þeir hefði
setid um mið bik umdæmis síns
á ödrum lentugum stad þægilegum
í grend. Ad eg ekki nefni þegar
þeir þurftu að sjá flest eda alt með
ara augum

Þá eru það ekki betri vand-
fyrir landsmenn þegar settir hafa ver-
hingad útlendir embættismenn sem
ekki hafa skilid ne talad íslensku
hljóðar og því sídur haft nokkurn veru-
legann kunnug leik á landinu
litid eda ekkert skynbragd borid á hvad
því mundi hagfelt eda óhagfelt
viljad gjöra sem flest íslenskt danskt
og sem fyrr í dag en á morgun haf-
viljad eda vildu vera hverfir hvad
og hafa ad kalla, einga þreyju haft til
er öllum hugann á ættjörd sinni.



Þad er einsog embættismaðurinn sem
gjörir sig mjög afskektann í embættisum-
dæmi sínu, vilji annadhvort með því,
draga sig sem mest út úr verka hring
sínum og dagligu ad kalli, eda ad ödrum
kosti, ad hann hafi litla eda einga tilfinn-
ingu fyrir þeim erfidleikum, sem hon-
um undirgefnir hafa fyrir því, ad sækja
erindi sín og rett til hans; því sídur, ad
þessir hafi nokkra hlunting á því, ad hann
hafi heimili sitt, þar sem flestum hlut
adeigendum, er og getur verid hagan-
legt, ad ná til hans. Þad getur einig
opt komid fyrir, ad kosnadur orsakist
af því (ad) þegar embættismadur gjörir
sig afskekktann í umdi sínu, sem ann-
ars hefdi ekki ordid, er bædi getur lent
á því opinbera og líka á einstökum mönn-
um; en sem þó naumast mundi gjöra
ad álita máli, ef hlut ad eigandi færi, ad
bera sig upp fyrir þeim sem væri skuld
í því eda þá ödra embættismanni.

Einsog það virðist liggja hverjum
heilvita manni í augum uppi, sem
ein hverrar stöðu, eða embættis hefir
að gæta, að hann þykir þar best
settur í stöðu sinni, sem hann á
auðveldast með, að hafa yfirlit yfir
svið skyldu sinnar og jafn framt hvar
hann álítur sig best geta dugað þeim
er undir hann eru gefnir. Einsog
góður hyrðir fer á þar stöðvar sem hann
þykist trúlegast geta gætt hjarðar sinn
ar; og styrimaðurinn best skips sins.
Svo ætti og hverjum, er stéttar eða
embættis hefir að gæta, að vera annast
um það að komast þangað og vera
þar, sem hann hyggur vandlegast að
geta gætt köllunar sinnar eða em
bættis án þess að taka tillit til þess
hvað minna virðum kringumstæð
um hans hefði verið hagan legra, þar
sem aðal augna mið köllunar eða
embættis hversems ætti að vera í fyrir



rúmi. Það er heldur ekkert embætti
orðið til fyrir einn einstakann mann
heldur fyrir heilfélög
Að svo vöxnu máli virðist það liggja
beinast fyrir, að embættismaður inn
sé þar í umdæmi sínu eða lögdæmi, sem
hann er hagan legast settur, bæði í til
liti til embættis síns og þeirra er til
hans þurfa að sækja, hvar fólksfjöldi
er mestur á einum stað, eða þar í grend,
þar sem mannfundir eru flestir
og um ferðir mest; og því betra sem
þetta getur verið nær miðbiki umdæm
is hans. Ekki að eins vegna þess, að
þaðan veitir honum léttast, að sjá
yfir embættis svið sitt og stjórna því,
heldur og þeim sem undir embættis
umsjá hans njóta eiga borgara legrar
verndar og réttar, veiti hægast undir
flestum kringum stæðum að ná
til hans og færa sér augna mið
embættis hans (~~í nyt~~) sem best í nyt.

Í flestum ef ekki öllum ríkjum
og löndum er hvers lands adalstjórn
þar sem fjölmennust er borg edá b[ær]
er þad án efa af því, ad þar og þei[r]
vitir henni hægast ad stýra ríkji sín[u]
og löndum. Þar er og brýnust nauð
sýn á ad megin stjórnin sé, þar sem
mestur er mannfjöldinn á einum
stad, mannfundir flestir og adsókn
og umferd er mest. Því fyrst synd og
ranglæti hefir meira og minna leitt
sig gegnum edli allra Adamsnidja
þá flýtur þad af sjálfu sér, ad þar sem
fæst þessara ~~[illegible]~~ saman kæmir á
einum stad edá stödvar, þar sem ekki
því meiri mentun, sidgædi og regla
eru búinn ad rydja sér til rúms,
hlýtur og ad bera mest á þessum
annmörkum mannkynsins, en til þess
ad þeir ekki hafi of mjög yfirhönd
þá sáu þjódirnar snemma og sjá enn
hversu ómissandi lög, réttur og yfir-



völd eru í landi hverju. – Þad væri
næsta óhaganlegt og enda ~~meiri~~ kost
nadar meira, ef stjórn hvers lands hefdi
þar adsetur sitt sem afskektast og fá
mennast væri, og þeir einir kæmu
þangad sem ætti erindi vid ríkisrád
endur edá stjórnina, til dæmis ef
Konungur og stjórn Danmerkur flytti
sig til Grænlands, Íslands edá Færeyja
Sama væri ef embættis menniernir
sem skipadir eru í hverri borg fyrir sig
eda bæ innan þessa edá hins lögdæmis edá
umdæmis, færi því fram ad vilja ekki
búa þar heldur í fámennum og ein-
stökum bæjum upp til fjalla edá á
einhverjum útkjálka umdæmis síns. Af þessu
og fleiru er þad audskilid, edá ad minsta
kosti ætti ad vera þad, hve naudsyn-
legt þad er, og sjálfsagt, ad embættis-
mennirnir eins á Íslandi sem annars
stadar, búi þar sem þeir geta best notid
sín sem sannir embættis menn

en það lítur út fyrir að sumum (embættis mönnum) finnist þetta als ekki vera mjög áríðandi, þar sem sumir af fulltrúum þjóðarinnar og jafnvel nokkur hluti þjóðarinnar, hefir nú um næstu undanfarin ár verið að berjast fyrir þeirri gagnstaðu stefnu hvað æðsta valdsmann þessa lands snertir nefnilega ráðgjafann Íslands sem nokkur hluti þings og þjóðar hefir álitið nauðsynlegt að sæti í Danmörku; en hefir helst ekki viljað heyra, að hann væri búsettur hér á landi, sem starfandi embættismaður í sínu eigin umdæmi, sem þekkir mál þjóðarinnar sem hann á að styðja og stjórna, að miklu leiti eða að minsta kosti ætti með milligöngu sinni, og góðum tillögum, að geta gjört mart og mikið honum til viðreisnar. En til þess mundi vera hentugra að hann hefði þekkingu og kunnugleik á land-



inu og þjóðinni, því með því móti, mundi hann helst geta orðið þessum afskekkta fámenna hólma, að tilætluðu gagni, sem æðsti valdsmaður hans, sem launaður er af hans eigin fé, en ekki af Danskri stjórn, því umboð er auðskilið, að hann er sem verkamaður allra sannra Íslandssona, sem bera óbifanlega ættjarðarást í brjósti, samfara öruggri von, um góða framtíð þessa fámenna og strjálbygða lands.

Hvað aðra veraldlega embættismenn hér á landi snertir, til dæmis sýslumenn, þá hefir það að vísu verið og er um meining margra að affarasælast mundi landi, að embættismennirnir hér byggju búum sínum sem bændur, því þá fengju þeir best færi á að þekkja kjör bændanna, og hvað helst landsins velfarnaði eldi eða tálmaði. Þar á móti væru þeir ekki við búskap, heldur í kaupstað við glaum og gleði yrðu þeir

þeir einsög utan við kunningskap og nær
gætni á þér, hvað búnaðar háttum og
bændastéttinni sem er fjölmennasta stétt
landsins, hagar.
En ég get nú ekki verið á þessari skoð
un, og mun ég síðar fara nokkrum
orðum um þetta mál, og þá leitast
við að sýna og sanna að slíkt hefir ekki
við öflug rök að styðjast. —
Eg get vel ímyndað mér að margir
álíti, að mér sé ofvaxið að rita um þetta
mál sem ég hefi tekið fyrir og skal
ég fúslega játa það; en samt vil ég vona
svo góðs til af lesendum Fjallfara að þeir
kveði ekki mjög harðann dóm yfir
þessari ritgjörð minni sem ég vona
að sé þó að nokkru vegin réttum
rökum byggð. (Framhald)

Leifur



# Svar til G. B.

Mér þykir Fjallfari ætla að fara
fara nokkuð skrítt gaðar meiningar
milli meðlima sinna, en mér fanst og
finst enn ekki rétt að fara að rífast
í blaðinu, þar eð það var stofnað af
ör fáum mönnum og þeir máttu
heita í sama bekknum allir.
Það er nú auðvitað að ég hefi ekki
verið til mikils gagns í blaðinu en
ég hefi þó getað stilt mig um að setja
þær greinar í það sem nokkur hefir
getað tekið að sér, eða að þær hafi haft
nokkrar meiningar inni að halda
En þessir ritsnillingar sem sjá sér
alla vegi fara eru nú farnir að láta
fljóta með blending af persónum í blað
inu.
En svo ég snúi mér aðallega að efn
inu, sem ég helst ætla að skrifa um

sem er grein síðar 3. tölublaði Fjallfara
þessa árs, er kemur á eptir kvæðinu með
yfirskriptinni Frá. Þykir mér höfund-
ur þeirrar greinar, hafa helst til mikið
stóryrði um svo lítil fjörlegt efni, þar
sem hann byrjar með því, að segja, að
það verði fróðlegt að vita hverjum
nú verði eignað það sem kom
undir sínu nafni í Fjallfara.
Það skilst mér, að hann ætli að
fara, að bera það uppá einhvern, að
hann hafi talað það að greinar og kvæði
sem komið hafa undir hans nafni í
Fjallfara, sé stolið en þó er höfund-
urinn svo feiminn að hann ekki
þorir að setja nafn sitt með fullum
stöfum undir áðurnefnda grein,
eða nefna sé með nafni sem hefir
látið sér um munn fara, hinar ófræg-
legu til gátur, um höfundinn, sem áður
er getið, heldur skammstafar það með
G. B. sem enginn eða fáir skilja, svo



með nokkurri vissu sé. Þess skal getið
að þó ég taki þessar línur fyrir, þá hefi
ég aldrei talað það að höfundur þessarar
greinar hafi nokkurntímann látið
nokkuð það í blaðið undir sínu eigin
nafni sem hann hafi ekki verið fjál-
þér þær greinar og þau kvæði, sem
höfundur þessarar greinar hefir sett í
Fjallfara hafa kipst sér svo í kynið að
mér hefir ekki fundist ástæða til þess
að rengja það að hann væri sannur
faðir að þeim.

Höfundurinn segir það að sá sem ekki
svífist að drótta því að öðrum að þeir
steli bæði bundnu og óbundnu máli
frá öðrum, og setji nafn sitt undir, að
þeir mundu sjálfir ekki líka við
að slíkt hið sama ef svo bæri undir
það álít ég að höfundurinn geti með
engu móti sannað og held því að höf-
undurinn af illgirnislegum hugmynd-

um hafi gróður sett þetta í þessa greinar mynd. sóra.

Svo heldur höfundurinn þegar hér er komið að hann fjölyrði ekki meira um þetta.

Það held eg líka að sé nú bezt fyrir hann því þessi tittum talaða greinar hans nun hafa við lítil rök að styðjast og ósatt sönn. Höfundurinn hvaðst vilja biðja þenna góða herra sem þetta hefir sagt að sama orð sér, og það ætla eg að hver einn ef það er nokkur geti, ef hann vill mann spilla sér í því að ýfast við annan eins rithöfund, og þessi er. En þó álít eg að það sé bezt að hann láti staðar nema við hið fornhverfna orðtæki sem er gott og gilt („sá skal vægja sem vitið hefir meir„ Læt eg svo úr talað um þetta mál en vildi þó sýna lit á því að var þessu, án þess eg þó tæki skúturnar að mér, því mér þótti það ekki samsvara gæti um höf. að rífast við sjálfann sig því það hefi eg hugsað að væri heldur vanda lítið. Pétur Jakobsson



## Yfirlit yfir verzlunar ástand Íslands.

Verzlunarástand okkar Íslendinga hefir sem annað í þessum fallvalta heimi verið sífeldum breytingum undirorpið, ýmist til hins verra eða betra, þótt optast hafi því miðað hægt áfram í framfaralegu tilliti, á flestum aldurs tíma bilum Íslensku þjóðarinnar. Þegar vér rennum huganum yfir hinar liðnu aldir, þá getum vér ekki annað enn furðað oss á því hvað konungar og aðrir æðstu valdsmenn þessa lands opt og einatt hafa verið áhugalausir og að gjörða hægir að hrinda á leiðis þessu velferðamáli þjóðarinnar með því að rýmka um verzlunar frelsið og bæta þannig nokkuð úr hinu hörmulega verzlunar ástandi sem svo þráfaldlega (það) hefir staðið í vegi fyrir framförum þjóðar-

innar, og er það enginn furða, því
góð og hagfeld verzlun er ein mikil-
væg af undirstöðu atriðunum allrar
velmegunar og vellíðunar ~~þjóðarinnar~~
landsmanna. Þetta, meðal annars
sýnir ljóslega hversu margir af þeim
um valdsmönnum hafa látið sér
liggja í léttu rúmi ~~...~~ velgengni
þjóðar þeirrar er þeir áttu yfir að ráða.

Eg er að vísu ekki svo kunnugur
sögu landsins sem skyldi til þess
að geta rakið verzlunar sögu þess
frá því fyrsta út í ystu æsar, en eftir
því sem mín litla þekking leyfir vildi eg reyna
að þræða sem mest megin atriði hennar
frá því fyrst að sögur ~~f~~ hefjast af
þessu landi varu og alt fram á þenna
yfir standandi tíma.

Frá því á landnámstíð
og alt fram undir enda lok 12. ald-
ar var hér [illegible] verzlun mest rekin
af landsmönnum sjálfum á samt



Norðmönnum sem einnig verzl-
uðu hér all mikið. Ekki var
verzlunin þá frjáls því gæðunum
lögðu verð bæði á tína útlendu
og tína innlendu vöru. hefir slíkt
vanda verk orðið að gjörast með
mikilli sanngirni og nákvæmni
svo báðir málsaðilar yndu vel við
en sjaldan er getið ágreinings út
af því, eða óánægju.

Þegar kemur fram á 13. og 14 öld
eru það aðallega Björgvinar kaup-
menn sem reka verzlun hér, og gekk
svo fram að 1400. en þá fóru Eng-
lendingar að sigla hingað með
kaupeyri sinn, og varð sú breyting
heldur til batnaðar því þeir seldu
útlendu vöruna með talsvert læg-
ra verði enn Björgvinar kaupmenn
höfðu áður gjört. en innlenda varan
var í alt eins háu verði. – Stutta
síðar eða nálægt 1450 fóru Hamborg-

ar- menn einnig að reka verzlun hér, varð þá töluverð verzlunar keppni milli þeirra og Englendinga, og það svo mjög að nærri lá bardögum og blóðúthellingum en landsmenn höfðu mikinn hag af þessari samkeppni, og hefðu án efa getað fært sér hana betur í nyt ef þeir hefðu kunnað með að fara, en samt stóð nú verzlunin með miklum blóma þessar 3 aldir og var að mörgu leiti landsmönnum lagfeld.

Alt að þessum tíma höfðu Dana konungar látið sig litlu skipta hverzu verzunar ástandi Íslendinga var háttað, en um 1500 leigði Fridrik konungur annar Dönskum kaupmönnum 3 hafnir á Norðurlandi til að verzla á og voru það Húsavík við Skjálfanda Gásir við Eyjafjörð og Hofsós við Skagafjörð. Var nú verzlunin bæði ill og ónóg þó einatt var mikill skortur á útlendri nauðsynja vöru. undu Norðlendingar



sem von var til, mjög illa þessari breytingu þar sem þeir nú voru útilokaðir frá allri verzlun nema þessari afar óhagfeldu verzlun við Dani — Guðbrandur Þorláksson er byskup var á Hólum 1571.–1627 fékk leifi hjá konunginum er þá var Kristjan 4., til að hafa sjálfur í félagi með helstu bændum í Skagafirði, skip í förum, og þrátt fyrir mótspyrnu ýmsra veraldlegra höfðingja norðanlands, sem einkum gekk til öfund við byskup, að hamla þessum þarfa fyrirtæki, þá veitti konungur Guðbrandi og félögum hans verzlunarleyfið 1579 fengu þeir þá skip frá Hamborg hlaðið vörum og en til allrar óhamingju hefir þetta skip aldrei síðan komið til skila og þar með var þessu þarfa fyrirtæki veitt banasárið

Árið 1602. leigði Kristjan konungur 4. alla verzlun hér við land í bæjum Kaupmanna-hafnar Helsingeyjar og Málmeyjar. Áttu kaupmenn þessir

ad flitja nagtir af gódum vörum á 20
hafnir kringum landid. en sömu al
og vog zkyldu þeir nota sem ádur háfð
hér tídkast, en öllum ödrum þjódum
en Dönum og öllum ödrum en lége nau
um var bannad ad verzla hér og öllum
landsmönnum stranglega bannad ad
hafa nokkur verzlunar vidskipti
vid adra enn lógenaute.
Á fyrri öldum var alin talin 17½
þumlungur, og er sagt ad lögmaður
hvardi væri markadur á Stein í Þing
valla kirkjugardi. — Páll byskup (~~Jon~~)
Jónsson kom því til leidar ad stiki
var upp stiku mál var ein (~~alin~~)
stika 2 álnir eda 35 þumlungar, og
er slíkt mál notad en á England.
Eptir ad Hamborgar menn fóru ad
verzla hér fóru menn ad brúka Ham
borgar alin sem seinna var köll-
ud Íslensk alin, hún var nálæg
22 þumlungar, og gilti hún til 1776

Árid 1619 setti konungur hinn
fyrsta taxta, var þad verdlisti á útlendri
og innlendri vöru, þótti landsmönn
um nú mjög þrengt ad frelsi sínu,
frá því sem ádur var því Íslending
ar höfdu optast sjálfir lagt verd bædi á
útlenda og innlenda vöru. Var nú eptir
þessu nýja ákvædi útlenda varan í
mjög háu verdi, en þó þótti kaup-
mönnum taxtinn ekki nógilega
hár, og fengu þeir konung til þess
árid 1631. ad hækka hann eda setja ann
ann hærri. en ekki gilti hann lengi
því brátt komu fram kvartanir yfir
honum af hendi landsmanna, og
var þad fyrir milligöngu Gísla Oddsonar
(~~ad~~) er um þettad leiti vard byskup í
Skálholti ad konungur ógilti þenna
sídari taxta, en baud ad hinn fyrri
skyldi gilda. (Framhald)

Klaufi

# Spurningar

1. Hvad er líf?
2. Hvad er ást? Hvad er hatur
3. Hvernin á sá ad vera sem er elskuverdugur
4. Hvad er sterkasta afl í heimi?
5. Hvad er addáanlegast í ríki náttúrunnar?
6. Hverrar audlegdar á madurinn helst ad afla sér?
7. Í hverju er mesta jardnesk sæla fólgin
8. Hver höfudskepnanna er sterkust?
9. Hvada augnalitur er fegurstur?
10. Hvernin stendur á draumum?
11. Hvad er litur?
12. Hvad er hljód?

Þessum spurningum eru medlimir Fjallfar vinsamlega bednir ad svara í næsta tölubladi.